

Leiðtogafundur um upplýsingasamfélagið

Leiðtogafundur [Sameinuðu þjóðanna](#) um upplýsingasamfélagið var haldinn í Túnis dagana 16. til 18. nóvember 2005. Yfir 170 þjóðir sendu fulltrúa sína ásamt fjölmörgum samtökum og aðilum úr atvinnulífi. [Leiðtogafundurinn í Túnis](#) er sá seinni af tveimur sem Sameinuðu þjóðirnar standa fyrir, sá fyrri var haldinn í Genf árið 2003. Til fundarins var stofnað til að finna leiðir til að brúa þá gjá sem er milli iðnvelda og þróunarlanda í nýtingu upplýsingatækni til hagsbóta fyrir fólk um allan heim. Hin stafræna gjá sem svo er kölluð birtist í því að enn hefur stór hluti mannkyns ekki aðgang að síma, hvað þá tölvum eða Interneti. Lagðar voru fram samþykktir sem kveða á um hagnýtar aðgerðir til að fylgja eftir þeim markmiðum sem sett voru í Genf. Samþykktirnar snerta margvísleg málefni, svo sem alþjóðafjarskipti,



Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytis í ræðustól á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna um upplýsingasamfélagið sem haldinn var í Túnis dagana 16.-18. nóvember.

þróunaraðstoð, stjórn netsins, mannréttindi og tjáningarfrelsi, svo og menntun og menningarlega fjölbreytni.

Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri [menntamálaráðuneytis](#) ávarpaði þingið og lýsti stefnu íslenska ríkisins í upplýsingatækni. Í ræðu sinni lagði Guðmundur áherslu á það mikilvæga hlutverk sem upplýsingatækni leikur í lýðræðisþróun, opinni upplýsingagjöf stjórnvalda, gagnsæjum stjórnarháttum og þátttöku þegnanna í lýðræðislegu ferli. Hápunktur í þátttöku Íslands var þegar íslenskt fyrirtæki, 3-plus, sem framleiðir þroskandi leiktæki fyrir börn, [DVD-Kids](#), veitti viðtöku verðlaunum sem einn af 40 vinningshöfum í nýmiðlunarsamkeppni [Sameinuðu þjóðanna](#). Fyrirtækið var þar í hópi margra fremstu aðila á sviði upplýsingatækni í heiminum en þess má geta að DVD-Kids var eina verkefnið frá Norðurlöndunum sem hlaut verðlaun í keppinni.



Átak vegna tölvuleikja og merkinga á þeim

Nýverið var hleypt af stokkunum átaki sem ætlað er að vekja foreldra og börn til vitundar annars vegar um mismunandi eðli tölvuleikja og hins vegar þær aldursflokka- og innihaldsmerkingar ([PEGI](#)) leikjanna sem í notkun eru hér á landi. Nokkrir aðilar standa í sameiningu að þessu verkefni, þ.e. [Samfélag, fjölskylda og tækni](#) (SAFT), [Samtök myndrétta-hafa á Íslandi](#) (Smáis) og landssamtökin [Heimili og skóli](#). SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni er vakningarátak um jákvæða og örugga notkun íslenskra barna og unglunga á netinu og tengdum miðlum.



[Menntamálaráðuneyti](#) fékk styrk frá [Evrópu-sambandinu](#) til verkefnisins en fól Heimili og skóla-landssamtökum foreldra að sjá alfarið um rekstur og framkvæmd þess. SAFT verkefnið er unnið innan aðgerðaáætlunar Evrópusambandsins um örugga tölvu- og netnotkun og í samstarfi við samskonar verkefni í öðrum löndum Evrópu.

Á blaðamannafundi í síðustu viku var kynnt ný kynningu á notkun tölvuleikja meðal barna og unglunga sem Rannsóknir og greining hafa nýlega unnið. Kynntur var nýr bæklingur fyrir foreldra „Fyrir hvern er tölvuleikurinn?“ sem er dreift til allra grunnskólábarna. Næstu vikur mun síðan standa yfir auglýsingahefð um tölvuleikjamerkingar. Með framkvæmd þessa átaks hjá SAFT er hrundið í framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar á þessu sviði og [stefnu menntamálaráðuneytis um upplýsingatækni í menntun, menningu og vísindum - Áræði með ábyrgð](#).

Bókmenntir lítilla málsvæða

Dagana 11. - 12. nóvember sl. var haldin í Færeyjum ráðstefna um bókmenntir frá litlum málsvæðum á Norðurlöndum. Öll tungumál á Norðurlöndum falla undir þá skilgreiningu en áherslan var á bókmenntir frá Færeyjum, Grænlandi og Samalandi. Ráðstefnan var haldin að frumkvæði norrænu bókmennta- og bókasafnsnefndarinnar, [Nordbok](#), og [Norðurlandahússins í Þórshöfn](#). Í Finnlandi og Skandinavíu er mjög öflugt stuðningskerfi við bókmenntir og þar eru starfræktar upplýsingamiðstöðvar sem vinna að því að kynna bókmenntir þessara þjóða um allan heim. Miklu fé er varið til þessa og kom fram í máli framsögmanna að árangurinn væri eftir því. Hjá minnstu þjóðunum er opinber stuðningur af skornum skammti og lítið skrifað t.d. á grænlandsku og samísku. Ísland hefur nokkra sérstöðu í þessum efnum því hér er stuðningskerfið einfalt og nær til færr þátta en t.d. í Noregi en Íslandingar státa enni að síður af mjög öflugu bókmenntalífi og ágætum árangri höfunda erlendis. Kom fram í máli manna að þar munaði hvað mest um starfslaus rithöfunda sem hafa stuðlað að því að hér starfar stór hópur atvinnurithöfunda. Færeyingar hafa að nokkru sótt fyrirmyndir til Íslands hvað varðar stuðning við bókmenntir og útgáfa frumsaminnna verka eykst þar ár frá ári.

Styrkir til þýðinga og almennur stuðningur við þýðendur er mjög mikilvægur og helsta forsenda fyrir árangri á erlendum mörkuðum. Ráðstefnugestir töldu að norrænu þýðingarstýrkirnir, sem Nordbok veitir, væru afar mikilvægir og í mörgum tilvikum eini möguleiki litlu þjóðanna til að fá bækur sínar útgefna á öðrum tungumálum. Var því talið mikilvægt að sú starfsemi héldi áfram þrátt fyrir að Nordbok yrði lögð niður en það verður í lok árs 2006. Fram kom í máli manna að ráðstefnur og vinnustofur þýðenda, ásamt öflugu samstarfsneti

bókmenntafólks á Norðurlöndum, skiptu afar mikilu fyrir árangur norrænna höfunda á erlendum vettvangi. Þá var talið að samstarf Norðurlanda við kynningu á norrænum bókmenntum hefði þegar skilað árangri og ástæða væri til að efla það.

Helsta niðurstaða ráðstefnunnar var að öflugt kynningar- og markaðsstarf, hvort heldur er fyrir bókmenntir einstakra þjóða á Norðurlöndum eða norrænna bókmennta almennt, kemur öllum til góða. Fleiri lesendur og stærri markaðir eru hvetjandi fyrir rithöfundana og stuðla að betri bókmenntum.

Landssamtök um skólaþróun stofnuð

Um 300 manns, kennarar af öllum skólastigum, stjórnendur, kennsluráðgjafar, kennaramenntunarfólk og starfsfólk [menntamálaráðuneytis](#) sótti stofnþing [Samtaka áhugafólks um skólaþróun](#) sem haldið var á Selfossi 18. nóvember sl. Samtökunum er ætlað að verða umræðu- og samstarfsvettvangur þeirra sem áhuga hafa á markvissri þróun skólstarfs, skólaumbótum og rannsóknum. Margar stofnanir, fyrirtæki, sveitarfélög svo og menntamálaráðuneyti hafa lagt samtökunum og stofnþinginu lið með styrkjum og öðrum stuðningi.

Meginþema stofnþingsins var „Kennarinn sem leiðtogi í breytingastarfi“. Aðalerindi flutti Barry C. Murphy skólastjóri frá Minneapolis og ræddi hann um forystuhlutverk kennara frá ýmsum hliðum. Samtökin stefna að því að gangast fyrir árlegum ráðstefnum þar sem kennarar og annað skólafólk miðlar frá reynslu sinni og skiptist á skoðunum um þróun skólstarfs. Þá stefnir félagið að útgáfustarfi, m.a. rekstri upplýsingavefjar um skólaþróun. Þeim sem áhuga hafa á að kynna sér samtökin eða gerast félagar er bent á [vef samtakanna](#). Menntamálaráðuneyti óskar samtökunum góðs gengis í starfi sínu og vonast eftir góðu samstarfi við þau.

